


Afstöðumynd Hamarsbraut 17. Mkv 1:500




Útlit vestur mkv. 1:100




Útlit suður mkv. 1:100




Útlit norður mkv. 1:100




Útlit austur mkv. 1:100

**Hamarsbraut 17**
**220 Hafnarfirði**

Landeignanúmer L120737
Lóðarstærð 464 m²
Nýtingarhlutfall 0,36
Einbýlishús

Sótt er um að byggja við húsið samkvæmt uppdráttum.

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi *Suðurgata, Hamarsbraut og Strandgata*, samþykkt 09.02.2011 með síðari breytingum, er heimilt að stækka húsið um 38m².
Byggðir fermetrar innan lóðar skv fasteignamati eru 169,4 m². Skv. deiliskipulagi er hámarks byggingarmagn á lóð 208m².

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingarreit við suðurgafl hússins og tveimur bílastæðum norðan megin ásamt bílskýli.

Húsið fellur undir lög um menningarminjar 80/2012.

**Byggingarlýsing.**
Húsið er steinsteypt einbýlishús, byggt árið 1930, kjallari, aðalhæð og ris. Þak er klætt bárujárni. Gólfplötur allra hæða eru steinsteyptar. Óvíst er um nákvæma gerð útveggja en ganga má út frá að þeir séu í takt við það sem tíðkaðist á þeim tíma sem húsið var byggt þar sem útveggir eru klæddir að innan með timburborðum með loftbili milli útveggjar og klæðningarinnar. Litlar breytingar hafa verið gerðar á húsinu frá upphaflegri gerð þess.
Með gerð viðbyggingar verða breytingar á innra skipulagi hússins sem felast í að:
á aðalhæð hússins stækkar núverandi stofa.
Í kjallara verði komið fyrir
- a) baðherbergi
- b) núverandi þvottahús fært
- c) komið fyrir inngangi í viðbyggingu
- d) vinnuherbergi með te-eldhúsi, í viðbyggingu.

Helstu breytingar á ytra byrði hússins verða vegna viðbyggingarinnar á suðurgafli.
Tveir gluggar eru síkkaðir og hurð komið fyrir í staðinn. Er það núverandi gluggi í borðstofu sem veitir þá aðgengi út á svalir og í herbergi rishæðar þar sem aðgengi verður út á svalir ofaná viðbyggingu. Þær geta þá einnig þjónað sem flóttaleið úr risi.
Gengt verður úr viðbyggingu út í garð. Komið verði fyrir litlum palli og tröppum niður í garðinn.

Frágangur / kæðning útveggja og þakflata:
Viðbyggingin er steinsteypt á staðnum, einangruð að innan og múrhúðað yfir einangrun með a.m.k. 25mm þykkum múr. Byggingin er pússuð og múruð að utan.
Gólf svala á vesturhlið viðbyggingar eru einangraðar ofaná plötu með 150mm einangrun og ysta yfirborð verður borðaklæðning. Er því gengið eitt þrep upp úr borðstofu út á svalir.
Þak viðbyggingar er timburvirki. Einangrað verður með 225mm steinull í sperrubil. 25mm loftunarbil, þar ofaná 12mm WBP krossviður og lokað með tvöföldum ásoðnum þakpappa.
Að innan verður rakavörn, 30mm rafmagnsgrind og klætt af með tvöföldu (2x13mm) gipsi í flokki 1.
Litaval utanhúss verður í takt við núverandi íbúðarhús.
Gluggar hússins eru flestir upprunalegir. Búið er að setja tvöfalt gler í húsið. Ekki eru gerðar breytingar á gluggum. Nýjir gluggar viðbyggingar verða timburgluggar og í taka mið af þeim gluggum sem fyrir eru í íbúðarhúsinu og verða með tvöföldu verksmiðjugleri, K-gler.
Einangrun sökkla og undir plötu: gólf viðbyggingar er steypt 150mm plata með 150mm plasteinangrun.
Loftræsing: opnanlegir gluggar eru í votrýmum

Núverandi hús eru 169,4m², m³ er óskráð.
Verður við þessa breytingu 206m² og 470,7m³
Stækkun/viðbygging alls 36,6m².
Stærð lóðar: 464 m² skv. skilmálum gildandi deiliskipulags.
Nýtingarhlutfall: 0,45

Fjöldi bílastæða: tvö bílastæði eru á lóðinni.
Lagnir: komið verður fyrir nýjum lögnum vegna nýs baðherbergið í kjallara og einnig þar sem þvottahús er fært.
Raflagnir: nýtt rafmagn verður lagt í viðbyggingu.
Burðavirki:
Allar breytingar sem varða burðavirki hafa verið bornar undir burðarþolshönnuð sem og breytingar á lögnum (Verkfræðistofa Reykjavíkur).
Algild hönnun:
Byggingin er byggð árið 1930 samkvæmt byggingarreglugerð þess tíma og er því ekki samkvæmt kröfum sem gerðar eru til algildrar hönnunar.
Handrið sem komið verður fyrir á svölum viðbyggingar eru úr heitgalvanhúðuðu stáli, 1100 cm frá gólffleti svala. Bil milli rimla verður skv. gildandi byggingarreglugerð.
Lóð:
Einungis er til lóðarblað en ekkert mæliblað fyrir Hamarsbraut 17. Lóðinni hallar frá lóðarmörkum við Suðurgötu og niður á Hamarsbraut. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi lóðar aðrar en að koma fyrir bílastæðum í samræmi við gildandi deiliskipulag.
Sorpi verður komið fyrir á lóð við bílastæði norðan megin við húsið.

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Gunnarsson
Kt. 1607512159
Dags. 14.8.2023 12:23:07
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Hafnarfjarðarkaupstaður - byggingarfulltrúi
Dags. 15.8.2023 06:45:29
Ástæða: Byggingaráform samþykkt 10.05.2023

lykilmynd:

shs 9.05.2023

verk:

# HAMARSBRAUT 17

## VIÐBYGGING

| | |
|---|---|
| verknúmer: | 22-004 |
| tegund teikningar: | Aðalteikning |
| heiti teikningar: | Afstöðumynd, útlit |
| staðgreinireitur: | 1400-1-33900170 |
| landnúmer: | L120737 |
| mælikvarði: | 1:100 |
| dagsetning: | 04.05.2023 |
| undirskrift hönnuðar: | |
| undirskrift hönnunarstjóra: | |
| áritun eldvarnahönnuðar: | |

útgáfuferill:

| útgáfunúmer: | skýring breytingar | dags. breytingar |
|---|---|---|

URBAN ARKITEKTAR


Guðmundur Gunnarsson - arkitekt
k.t. 160751 2159
netfang gudmundur@urban.is
Michael Blikdal Erichsen - arkitekt
-
netfang michael@urban.is
Gunnþóra Guðmundsdóttir
-
netfang gunnthora@urban.is


| 22-004 | GþG | GÞG | GG | XX |
|---|---|---|---|---|
| verkn. | teiknað | hannað | rýnt | samþykkt |

| HAM | A | 5-4-2 | AT | 100 | B00 |
|---|---|---|---|---|---|
| Verkefni | Fagsvið | Mappa | Teg. teikn. | Númer teikningar | Útgáfa |


Grandagarður 16 • 101 Reykjavík • sími 517 1070 • kennit. 570215 0350




Grunnmynd 1.hæðar. Mkv 1:100




Grunnmynd 2.hæðar. Mkv 1:100




Grunnmynd rishæðar. Mkv 1:100




Snið, viðbygging. Mkv 1:100

verk:

# HAMARSBRAUT 17

VIÐBYGGING

| | |
|---|---|
| verknúmer: | 22-004 |
| tegund teikningar: | Aðalteikning |
| heiti teikningar: | grunnmynd 1. 2 og rish. Snið |
| staðgreinireitur: | 1400-1-33900170 |
| landnúmer: | L120737 |
| mælikvarði: | 1:100 |
| dagsetning: | 26.04.2023 |

undirskrift hönnuðar:

undirskrift hönnunarstjóra:

áritun eldvarnahönnuðar:

útgáfuferill:

| útgáfunúmer: | skýring breytingar | dags. breytingar |
|---|---|---|

URBAN ARKITEKTAR

Guðmundur Gunnarsson - arkitekt
k.t. 160751 2159
netfang gudmundur@urban.is

Michael Blikdal Erichsen - arkitekt
-
netfang michael@urban.is

Gunnþóra Guðmundsdóttir
-
netfang gunnthora@urban.is

| 22-004 | GþG | GÞG | GG | XX |
|---|---|---|---|---|
| verkn. | teiknað | hannað | rýnt | samþykkt |

| HAM | A | 5-4-2 | AT | 100 | B00 |
|---|---|---|---|---|---|
| Verkefni | Fagsvið | Mappa | Teg. teikn. | Númer teikningar | Útgáfa |

Grandagarður 16 ● 101 Reykjavík ● sími 517 1070 ● kennit. 570215 0350